

Skýrsla umhverfisnefndar Glerárskóla 2016



Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	2
Umhverfisnefndin	3
Mat á stöðu umhverfismála	3
Pappír	4
Þrif	4
Orkunotkun	4
Umgengni og nánasta umhverfi	4
Flutningar og ferðir	5
Áætlun um aðgerðir og markmið	5
Eftirlit og endurmat	6
Námsefnisgerð og tenging við aðalnámskrá	8
Kynning á stefnunni	8
Umhverfissáttmálinn	8
Þemu skólans og markmið næstu tvö árin	9
Fylgiskjal 1 – Dæmi um fundagerðir	2
Fylgiskjal 2 – bréf til bæjarfulltrúa vorið 2015	6
Fylgiskjal 3 – Verkefni í verkfærakistu	9

Skýrsla Glerárskóla með umsókn um endurnýjun grænfánans. Skólinn varð grænfánaskóli í fyrsta sinn 12. september 2008 og sækir nú um endurnýjun í fimmta sinn. Í skýrslunni er greint frá störfum umhverfisnefndar skólans, stöðu umhverfismála og þróun síðustu tveggja ára.

Umhverfisnefndin

Í umhverfisnefnd skólans sitja fulltrúar úr hópi starfsfólks, nemenda og foreldra. Fulltrúar starfsmanna í nefndinni eru húsvörður, deildarstjóri, skólaliði, einn umsjónarkennari og forstöðumaður frístundar. Eitt foreldri situr í nefndinni. Fulltrúar nemenda eru valdir til tveggja ára þ.e. eitt grænfánatímabil. Þeir eru úr öllum árgöngum skólans nema 1. bekk á seinna ári tímabilsins, einn aðalmaður úr árgangi og annar til vara. Yfirleitt mæta bæði aðal- og varamenn á fundi enda er þannig boðað til þeirra. Fulltrúar starfsmanna skipa umhverfisráð innan nefndarinnar sem kemur oftast saman en öll nefndin, að jafnaði einu sinni í mánuði. Val á nemendafulltrúum fer fram í hverjum bekk fyrir sig og fer fram annað hvert ár. Nemendur gefa kost á sér til setu í umhverfisnefnd og síðan velur hver bekkur sinn fulltrúa úr þeim hópi. Einn fulltrúi foreldra situr í nefndinni og var hann valinn á aðalfundi foreldrafélagsins haustið 2014. Einnig næst ágæt tenging við foreldra í gegnum skólaráð. Umhverfisráð boðar til funda og heldur fundagerðir. Öll umhverfisnefndin fundar að meðaltali þrisvar á önn.

Ákvarðanir um áhersluatriði og næstu skref til að vinna að eru teknar af nefndinni, ýmist allri eða af umhverfisráði. Öll nefndin tekur þátt í mati á stöðu umhverfismála. Dæmi um ákvarðanir sem nefndin hefur tekið er ákvörðun um að umbúðir af nesti fari heim. Sjá dæmi um fundargerðir í fylgiskjöllum.

Mat á stöðu umhverfismála

Í lok síðasta tímabils þ.e. á vorönn 2014, fór fram mat á stöðu umhverfismála skv. gátlistum og var það í höndum umhverfisráðs þ.e. starfsfólks í umhverfisnefnd en nemendur tóku ekki þátt í því mati. Endurmat á ákveðnum þáttum er stöðugt í gangi með umræðum í bekkjum, á starfsmannafundum og umhverfisnefndarfundum. Umhverfisnefndin hefur reglulega lagt fram tillögur um markmið og næstu skref og lagt fyrir starfsmannafundi hverju sinni. Bekkjarkennarar hafa tekið ákveðin mál til umræðu inni í bekkjum eftir umræður á starfsmannafundum. Einnig hafa nemendur í umhverfisnefnd farið með umræðurefni inn í bekki. Enn erum við á þeim stað að úrgangsmálin eru stöðugt í umræðunni. Jafnframt er leitast við að koma inn nýjum atriðum í þeim tilgangi að efla umhverfisvitund allra.

Í janúar í ár skoðaði umhverfisnefndin þá nýju gátlista sem komnir voru inn á heimasíðu Grænfánaverkefnisins og var þá ákveðið að a.m.k. 4., 7. og 10. bekkir myndu vinna með listana. Í apríl var ákveðið að vinna með listana í fleiri bekkjum og niðurstaðan varð sú að 4. – 10. bekkur vann með listana í hópum og niðurstöður síðan teknar saman af umhverfisráði. Það er mat okkar að nemendur hafi gagn af því að vinna með listana og munum koma þeim betur inn í skólastarfið á komandi árum og vinna þá meira með samanburð á fyrri svörum. (Sjá gátlista í viðhengi með skýrslu).

Pappír

Á yfirstandandi tímabili er ekki hægt að merkja minni innikaup á pappír frá síðasta tímabili. Áfram er samt haldið við að stemma stigu við pappírnotkun. Notuð umslög fara á milli stofnana Akureyrarbæjar. Mjög lítið er um að töskupóstur fari heim, það er aðeins hjá þeim nemendum, sem ekki hafa aðgang að tölvum heima. Þess í stað er tölvupóstur nýttur, auglýsingar á heimasíðu eða mentor.is.

Merkingar eru þar sem fólk er áminnt um sparnað á pappír. Það ásamt umræðum í bekkjum hefur gefið góða raun í sparnaði á salernis- og handþurrkupappír.

Mjólkurkælar eru í skólanum og mjólkinn afgreidd til nemenda í margnota glösum.

Þrif

Leitast er við að nota hreinsiefni í sem minnstu magni. Akureyrarbær hefur fram til þessa gert ákveðin magnkaup á ræstivörum og þær vörur eru ekki með viðurkenndum umhverfismerkjum. Skólaliðar sem sjá um ræstingar hafa það markmið að nota sem minnst af hreinsiefnum. Nota fremur örtrefjaklúta og heitt vatn.

Orkunotkun

Hvatningarorð hanga við alla slökkvara til að minna fólk á að slökkva ljós. Það hefur gefið góða raun og nú er sjaldgæft að ljós sé kveikt í rýmum þar sem enginn er. Einnig er dagsbirtan vel nýtt og fólk kveikir ljós í kennslustofum eftir því sem þurfa þykir. Perum hefur verið fækkað í flúorljósastæðum þar sem það er hægt. Rafmagnsreikningar hafa lækkað.

Umgengni og nánasta umhverfi

Hver bekkur fyrir sig hefur ákveðna hreinsunarviðvik og sér þá um að hreinsa rusl af skólalóðinni og nágrenni hennar. Skólalóðin og nágrenni hennar er vel nýtt til leikja og kennslu. Þar er að finna fjölbreytt umhverfi sem kennarar nýta til kennslu. Má nefna Glerárgilið, Kvenfélagarðinn, Háskólasvæðið og Þórsvöllinn. Í meiri fjarlægð eru staðir sem skólinn hefur einnig nýtt mikið t.d. Sílabás, Sandgerðisbótin og Krossanesborgir.

Síðan enn lengra burtu s.s. Kjarnaskógur og Naustaborgir. Kvenfélagsgarðurinn er í fóstri skólans, þar er útikennslusvæði í uppbyggingu og sífellt er unnið að endurbótum. Þar fór fram mikil vinna á vordögum í samstarfi skólans, hverfisnefndar og Akureyrarbæjar. Skólinn hefur plantað birki frá Yrkjusjóði á Melgerðisásinn sem er við skólann. Grænmetisgarðurinn þarf alltaf sína umhirðu. Grillaðstaðan við Árholt er talsvert notuð, bæði af skólanum og hverfisbúum.

Flutningar og ferðir

Reynt er að fækka sendiferðum frá skólanum eins og hægt er. Húsvörður fer sendiferðir á ákveðnum dögum, tvisvar í viku. Áfram hefur skólinn hvatt til heilsueflandi ferðamáta m.a. með gönguvikum. Sem dæmi hefur skólinn tekið þátt í alþjóðlega verkefninu Göngum í skólann og gerð var skráning á ferðamáta nemenda og starfsfólks. Viðurkenning var veitt þeim bekkjum sem stóðu sig vel. Jafnframt var lögð áhersla á útiveru og skokk í íþróttatímum á þessum tíma.

Fjöl margar hjólagrindur eru við skólann og margir nemendur nýta sér að hjóla í skólann.

Áætlun um aðgerðir og markmið

Fyrir það tímabil sem senn er að ljúka setti skólinn sér að vinna með þemun áttaha og lýðheilsu. Ákvörðun um það var tekin á fundi í umhverfisnefnd og höfðu nemendur sitt að segja um það. Þau meginmarkmið sem skólinn setti sér voru að:

- Vinna heildstætt skipulag grenndarkennslu þannig að hver árgangur sinni ákveðnum þáttum
- Efla tengls skólans og nærumhverfisins
- Tengja grænánaverkefnið við þann þátt skólasýnarinnar sem hefur með heilbrigði að gera.

Grenndarfræðsla er liður í símenntunaráætlun skólans. Allir starfsmenn fengu fræðslu á haustdögum en þá hélt fyrrverandi kennari Glerárskóla og fuglaáhugamaðurinn Sverrir Thorsteinsson fyrirlestur fyrir alla starfsmenn. Hann hefur farið með starfsmannahópinn og frætt um áhugaverða staði í nærumhverfinu og bent á leiðir í kennslu.

Stýrihópur um grenndarfræði/útikennslu er starfandi við skólann og hefur það verkefni að koma útikennslu markvisst inn í námskrá skólans. Hópnum er ætlað að stuðla að eflingu grenndarkennslu við skólann með stuðningi og fræðslu við starfsfólk, hafa umsjón með gögnum sem tilheyra útikennslu og skipuleggja sameiginleg verkefni innan skólans sem tengjast útikennslu s.s. vinnu í Kvenfélagsgarði og Glerárgili. Stýrihópurinn hefur yfirumsjón með áframhaldandi uppbyggingu útikennslusvæðis í Kvenfélagsgarðinum. Ákveðið skipulag hefur verið sett upp fyrir haustverk og vorverk sem allir bekkir koma að. Nemendur komu ekki að því skipulagi.

Skólinn hefur verið í samstarfi við Framkvæmdadeild Akureyrarbæjar og hverfisnefnd Holta- og hlíðahverfis um uppbyggingu útikennslusvæðis og gróðursetningu í kringum skólann. Fulltrúi hverfisnefndar situr í skólaráði.

Áfram nýtur skólinn sér vel þjónustu stofnana og félaga í bænum og má þar nefna Norræna félagið á Akureyri, Minjasafnið, Iðnaðarsafnið, Lystigarðinn, Amtbókasafnið, Rauða krossinn, Slökkviliðið, Endurvinnsluna, Hringrás, Menningarfélag Akureyrar, Golfklúbb Akureyrar, Hlíðarfjall, Skautahöllina, Íþróttafélögin, fjölmiðla auk margra fyrirtækja sem hafa tekið á móti hópum.

Skólinn hefur leitast við að efla hreyfingu sem mest með útikennslu, vettvangsnámi, íþróttamótum og vel skipulögðum íþróttatímum sem bjóða upp á fjölbreytta hreyfingu. Vinaliðaverkefni er starfrækt við skólann en með því taka nemendur þátt í að kenna og stýra leikjum í frímínútum. Vinaliðar eru kosnir í bekkjum til hálf skólaárs í senn og fá þeir kennslu og þjálfun í að stýra leikjum sem þeir síðan skipuleggja á fundum hálfsmánaðarlega. Foreldrafélag skólans hefur stutt vel við Vinaliðaverkefnið í skólanum m.a. með kaupum á gögnum og dóti fyrir leiki.

Glerárskóli tekur nú þátt í Erasmus+ verkefni sem ber yfirskriftina United we play, united we win ásamt skólum frá Ítalíu, Litháen, Spáni, Búlgaríu, Rúmeníu, Tyrklandi og Ítalíu. Verkefnið gengur m.a. út á að efla samskipti í gegnum leiki. Markmiðið er að fá alla krakka til að leika sér og er sérstaklega litið til þeirra sem eru ekki í formlegri íþróttaiðkun. Finna má fróðleik um þetta verkefni á N4 á slóðinni <http://www.n4.is/is/thaettir/file/erasmus-i-glerarskola> þar sem einnig er fjallað um þemadaga í Glerárskóla sem voru liður í þátttöku skólans í verkefninu.

Á tímabilinu hefur verið unnið að því að vekja athygli á matarsóun. Það hófst á síðasta skólaári en þá voru tekin tímabil þar sem nemendur vigtuðu matarleyfar. Í haust tók Glerárskóli að sér að vera leiðtogaskóli á Íslandi fyrir Loftslagsáskorun Norden í skolen, Baráttan gegn matarsóun. Kom skólinn að kynningu á verkefninu m.a. með fréttum í fréttabréfi skólans, á heimasíðu skólans, í útvarpi Glerárskóla í nóvember og í sjónvarpsfréttum RÚV og N4. <http://glerarskoli.is/glerarskoli-hof-barattuna-gegn-matarsoun-a-nordurlondum/>, <http://www.n4.is/is/thaettir/file/matarsoun>

Eftirlit og endurmat

Ákveðnum hlutverkum er skipt á milli nemenda. Eitt af hlutverkunum er eftirlit með flokkun í stofum og að losa flokkunardalla. Lögð hefur verið áhersla á fræðslu og reglulegt umtal um flokkun.

Á umhverfisnefndarfundum er alltaf tekin umræða um hvernig gengið hefur milli funda. Það var mat umhverfisnefndar að ábyrgð nemenda á eigin umbúðum væri ekki nægjanleg og of mikið bar á illri umgengni við flokkun t.d. illa skolaðra umbúða og hlutir á röngum stöðum. Auk þess er aðstaða í skólanum ekki góð fyrir skolun á umbúðum. Í umræðum við nemendur um flokkunina hafði m.a. komið í ljós að

nokkur hópur nemenda ber ekki ábyrgð á því að flokka heima hjá sér. Skólaárið 2014-2015 var talsverð umræða um flokkunarmálin í umhverfisnefnd og fór nefndin inn í alla bekki með fræðslu og stóð fyrir umræðum um næstu skref hvers bekkjar í umhverfismálum. Samræðan um málið í umhverfisnefnd leiddi til þess að flestir nefndarmenn (þar á meðal nemendur) voru sammála um að leggja til að umbúðir af nesti færu heim með nemendum. Umræðan var einnig tekin í starfsmannahópnum og inni í bekkjum með nemendum. Fyrir skólaárið 2015-2016 var tekin ákvörðun um að umbúðir af nesti færu allar heim til nemenda og foreldrum og nemendum bent á að nemendur hefðu nestisbox m.a. fyrir umbúðirnar. Leitast var við að upplýsingar og fræðsla til forráðamanna og nemenda væri á grundvelli ábyrgðar hvers og eins á sínum umbúðum og innkaupum og var kynnt á kynningarfundum með foreldrum á haustdögum. Jafnframt voru fréttir um málið í fréttabréfi til foreldra.

Þar sem nemendur í 10. bekk reka sjoppu í skólanum sem hefur m.a. til sölu núðlur í núðluboxum sem og Svala var nemendum gert að finna lausnir á þeim málum. Ákváðu nemendur að hafa skilagjald á núðluboxum og fá viðskiptavinir greiddar til baka 50 krónur þegar þeir skila vel skoluðu núðluboxi í sjoppuna. Þetta hefur að mestu leyti gengið vel. Hins vegar hafa sjoppurekendur ekki skilagjald á svalafernum og finnast þær töluvert í skúmaskotum í skólanum. Niðurstaða umhverfisnefndar er sú að u.þ.b. 15 nemendur gangi illa um flokkunina og fari ekki eftir þeim reglum sem settar hafa verið um hana.

Á matsfundi með starfsfólki vorið 2015 var rætt um umhverfismál út frá nokkrum spurningum:

1. Hvernig getum við eftt ábyrgð allra á eigin umgengni.
2. Hvað á að gera varðandi umbúðir?

Niðurstaða þessara umræðna var á þann veg að efla fræðslu um umhverfismál og leggja áherslu á ábyrgð nemenda. Það yrði gert með fræðslu um úrgangsmál, samræðu um ábyrgð, gera ráð fyrir að nemendur hafi hlutverk og ná til foreldra. Allflestir voru á því að heimilin og nemendur tækju ábyrgð á umbúðum um nesti á þeim grundvelli að þeir sem kaupa umbúðirnar beri á þeim ábyrgð alla leið í endurvinnslu eða endurnotkun. Jafnframt sé mikilvægt að foreldrar fái góðar upplýsingar og fræðslu um þessi mál og skólinn hvetji til notkunar margnota umbúða.

Einnig var rætt um hvað skólinn geti gert í því að efla hreyfingu út frá eftirfarandi spurningum:

3. Hvernig getum við eftt hreyfingu í skólanum?
4. Hvernig getum við aukið jákvæðni nemenda gagnvart almennri hreyfingu?

Í umræðum kom fram mikilvægi þess að skólinn hvetji til almennrar hreyfingar með því að minna nemendur á að koma gangandi/hjólandi í skólann og að leitast sé við að fara sem mest gangandi með nemendur þegar haldið er í vettvangsferðir. Að gætt sé að fjölbreytni í íþróttatímum svo allir fái notið sín sem best. Íþróttakennarar og nemendaráð standi áfram fyrir íþróttaviðburðum í skólanum og skólinn taki þátt í átaksverkefnum sem miða að því að efla almenna hreyfingu s.s. skólahlaupi, frjálsíþróttamóti UFA,

hvetja nemendur okkar til að taka þátt í 1. maí hlaupi og taka þátt í Skólahreysti. Einnig var rætt um að þróa Vinaliðaverkefnið enn frekar sem og útikennslu og gera hreyfiæfingar í kennslustundum (hléæfingar). Halda áfram að hafa kennslustundir eins og *Hreyfingu og heilsu* sem samtvinnar hreyfingu og fræðslu um hollt lífni. Síðast en ekki síst var oft nefnt mikilvægi þess að fullorðna fólkið væri nemendum góðar fyrirmyndir.

Námsefnisgerð og tenging við aðalnámskrá

Allir bekkir unnu verkefni sem tengdust þeim þemum sem sett voru fyrir grænfánaverkefni tímabilsins. Vinna við grænfánaverkefni tengist alltaf markmiðum aðalnámskrár. Við höfum í huga grunnþætti menntunar og á tímabilinu voru grunnþættirnir Sjálfbærni annars vegar og Heilbrigði og velferð höfð að leiðarljósi.

Kynning á stefnunni

Stefnan eða mál tengt henni eru reglulega tekin til umfjöllunar á starfsmannafundum. Foreldrar hafa fengið kynningu á stefnunni á námskynningarfundum á haustin. Stefnan er kynnt fyrir starfsfólki þeirra skóla sem sækja okkur heim.

Umhverfisráð minnir reglulega á umhverfismál á starfsmannafundum og leitar eftir hugmyndum starfsmanna um leið og fólk er minnt á og hvatt til dáða með ýmis viðfangsefni sem tengjast verkefninu. Þá eru upplýsingar um stefnuna á heimasíðu og þar eru einnig fréttir og tilkynningar birtar. Mismunandi slagorð eru sett tímabundið á tölvuskjá á skólaganginum til að minna á atriði sem tengjast stefnunni.

Einnig hefur skólinn tekið þátt í umfjöllun um matarsóun og verkefni sem tengist lýðheilsu í sjónvarpi.

Umhverfissáttmálinn

Glerárskóli vill efla vitund nemenda og starfsmanna skólans um umhverfismál og vekja til umhugsunar um sameiginlega ábyrgð á umhverfinu.

Þessi sáttmáli er sýnilegur í skólanum og með honum standa ákveðnir þættir sem ákveðið var að vinna að þegar sótt var um Græfnánann árið 2008:

- Efla markvissa umhverfismennt í skólanum.
- Umhverfismennt sé samofin sem flestum námsgreinum.
- Nemendur og starfsfólk sé vel upplýst um náttúru- og söguminjar í umhverfi skólans.

- Fylgst sé með stöðu umhverfismála í skólanum á hverjum tíma.
- Gerðar séu áætlanir um aðgerðir og forgangsröðun verkefna.
- Upplýsa aðra um umhverfisstefnu okkar og fá fleiri í lið með okkur.
- Fræðsla um umhverfismál í öllum bekkjum með sérstakri áherslu á að kynna nemendum nánasta umhverfi og lífríki þess.
- Virkt samstarf við félagasamtök og áhugamenn um umhverfismennt og útivist.
- Nemendum og starfsfólki verði gert auðvelt að koma hugmyndum sínum og skoðunum varðandi umhverfismál á framfæri.
- Í skólanum sé hvatt til útivistar og hreyfingar.
- Skólalóðin sé aðlaðandi og hvetji til útivistar og hreyfingar.
- Með aukinni endurnotkun og sparsemi verði sorp eins lítið og hægt er.

Þemu skólans og markmið næstu tvö árin

Glerárskóli ætlar næstu tvö árin að fást við þemað **neysla**.

Markmið:

- minnka úrgang
- vinna gegn matarsóun
- nýta betur pappír og önnur efni sem til falla í skólanum til endurvinnslu innan skólans
- að veja athygli á hvernig almenn neysla hefur áhrif á umhverfið



Umsókn um Grænfána



Skóli: Glerárskóli

Heimilisfang: Höfðahlíð

Sími: 4612666

Tengiliðir

Verkefnistjóri: Elín E. Magnúsdóttir

Netfang: elinm@akureyri.is

Skólastjóri: Eyrún Skúladóttir

Úttektartímabil sem óskað er eftir:

- febrúar/mars
- maí/júní
- september/október

Sótt er um:

- fyrsta fána
- annan fána
- þriðja fána
- fjórða fána
- fimmta fána
- sjötta fána

Afhendingardagsetning sem óskað er eftir: 16. september

Þemu:

- vatn
- orka
- úrgangur (rusl)
- neysla
- samgöngur
- lýðheilsa
- landslag
- loftslagsbreytingar
- lífbreytileiki
- áttthagar
- hnattrænt jafnrétti
- náttúruvernd
- vistheimt

Markmið fram að umsókn:

1. Minnka úrgang
2. Vinna gegn matarsóun
3. Nýta betur „verðlaust“ efni sem til fellur í skólanum til endurvinnslu innan skólans
4. Vekja athygli á almennri neyslu og áhrif hennar á umhverfið
- 5.
- 6.

Fylgigögn með umsókn:

- greinargerð
- fundargerðir
- umhverfisstefna (framh.skólar)
- gátlisti (valkvætt)
- verkefni í verkefnakistu
- annað, hvað:

Fylgiskjal 1 – Dæmi um fundagerðir

Fundur í umhverfisráði (starfsmenn) 30. janúar 2015

Mættir: Kristjana, Heiða, Ómar og Ella

Á umhverfisnefndarfundi með nemendum var rætt um að allir fari að skila lífrænu fram í endurvinnsludall daglega. Losað verði á flísagangi.

Fræðslunni sem fer inn í bekkki skipt niður á starfsmenn:

- Heiða 1. – 4. bekkur.
- Gugga 6. bekkur
- Kristjana og Ómar: 5., 7. og 9. bekkur
- Ella: 8. og 10. bekkur.

Miðað er við að fræðslan fari fram í vikunni fyrir vetrarfrí (má vera fyrr) og það verði í samráði við umsjónarkennara. Nemendur í umhverfisnefnd sinni fræðslunni með aðstoð frá okkur fullorðna fólkinu.

Myndböndin Bird Island - Plastic Vs Nature

https://www.youtube.com/results?search_query=bird+island+plastic+vs+nature og

fræðslumynd frá Sorpu á sorpa.is <http://www.sorpa.is/frodleikur/nams--og-fraedsluefni/fraedslumyndbond/>

Fjalla um eftirtalda punkta:

- Umhverfisnefndin segi frá hvað það þýði að þrifa ekki það sem fer í endurvinnslu.
- Minnka notkun maíspoka. Hvers vegna?
- Hvetja til að fjölnotapokar séu notaðir.
- Hvað gerir hver fjölskylda t.d. eru alltaf keyptir plastpokar undir vörurnar eða er farið með innkaupapoka í búðina?
- Hver og einn getur ekki gert allt en allir geta gert eitthvað. Hvað getur þú gert? Hvað hugsar þú þegar þú gengur frá umbúðum? Allir verða að taka ábyrgð. Hvað getum við gert betur en við gerum nú þegar? Hvers vegna ættum við að gera betur í úrgangsmálum?

Ákveðið var að minna á flokkunarmál í næsta fréttabréfi til foreldra, leitast við að setja fréttir frá umhverfisnefnd í hvert fréttabréf. Núna má t.d. minna á umbúðir heim og að það sé minnkandi magn sem fer frá skólanum. Vatnsdrykkja orðin almennari og minna um fernur.

Fleira ekki fært til bókunar.

Elín M

Umhverfisnefndarfundur 13. mars 2015

Mættir:

Nemendur: Sigurður Alex, Elmar, Róbert, Jóel, Hrefna Huld, Emma, Jón Snævar, Lárus, Viktor Helgi, Styrmir og Viktoría.

Starfsmenn: Heiða, Ómar, Kristjana og Ella.

Matarsóun: Ánægð með að verið sé að vigta úrganginn. Kristjana er búin að fara inn í flesta bekki og ræða um magnið. Rúm tvö tonn af lífrænum úrgangi sem fer frá skólanum m.v. tölur síðustu viku. Hvað er hægt að gera betur? Nemendur stýri því hvað þeir fá mikið á diskinn. Er hægt að gera merkingar til að minna á. Vertu viss um að þú klárir af disknum. Umbun fyrir þá sem henda minnst. Þurfum samt að hafa í huga að þetta er mál sem varðar heildina og umhverfið. Nota umbunina til að hvetja og kenna fólki. Gengur vel í frístund og með því að ræða í hverjum einasta kaffitíma. Styrmir tók að sér að hann miða.

Mikið sem er hent af slátri. Hvað er hægt að gera í því? Hafa hálfar sneiðar í boði.

Skoða hvaða matur er best borðaður.

Fræðslan á eftir að fara inn í 7. bekkina og 10.SM. Hvað fannst hinum um þessa fræðslu? Held að það hafi haft áhrif. Miklar umræður á yngsta stigi.

Fleira ekki fært til bókunar

Elín Magnúsd.

Umhverfisnefndarfundur 24. apríl 2015

Mættir: Sigurður Alex og Elmar 10. bekk, Júlíus Þór 9.bekk, Sara 8. bekk, Álfheiður Björk og Jóel 7. bekk, Hrefna Dagbjört 6. bekk, Viktoría 5. bekk, Anna María og Darri 4. bekk, Lydía og Jón Snævar 3. bekk, Elena og Elsa 2. bekk, Emma 1. bekk.

Kristjana, Gugga, Heiða og Elín.

Rætt um vigtunina. Heildartölurnar eru þær tölur sem skipta mestu máli. Miðað við tölurnar má ætla að samanlagt sé hent ca 2 tonnum af mat sem afgangur af diskum. Sumt af því er hýði af ávöxtum.

Enn þarf að vanda sig betur við að skola fernur. Of mikið fer í rusl vegna þess að fernur eru ekki skoðaðar. Krökkunum finnst það taka tíma og þeim er nokkuð sama um þetta. Hugsanlegt er að allar umbúðir verði teknar heim. Unglingar í nefndinni sögðu þetta vera leti. Tillaga frá nemendum að setja þá reglu að allt sé tekið heim. Flytja fernudallinn og hafa hann hjá vaskinum. Setja upp nákvæmar reglur, ef ekki er skolað fara nemendur með umbúðir

heim. Koma með drykki að heiman í margnota umbúðum t.d. í flösku. Sumri koma með djús í flöskum í stað þess að koma með fernudrykki.

Gera spjald: skola og ganga frá eða taka umbúðir með sér heim.

Kallað eftir hugmyndir. Minnismiði um að taka sem minnst af bréfi. Spara sápunu.

Fleira ekki fært til bókunar

Elín M.

Umhverfisnefndarfundur 23. nóv 2015

Mættir: Heiða, Gugga, Ómar, Kristjana og Ella.

Nemendur: Elena og Elsa 3. bekk, Lydía og Jón Snævar 4. bekk, Darri 5. bekk, Viktor Helgi 6. bekk, Hrefna Dagbjört og Hrefna Huld í 7. bekk, Álfheiður og Jóel 8. bekk, Róbert og Sara Björk 9. bekk, Inglólfur og Júlíus Þór í 10. bekk.

Baráttan gegn matarsóun til umræðu. Von á gestum frá Danmörku þeim Elvu Ósk og Marie sem stýra verkefninu.

Júlíus og Sara eru tilbúin í viðtal hjá þeim Elvu og Marie sem verður sett inn á vefsíðuna nordeniskolen.org.

Nemendur í umhverfisnefnd vilja aðstoða við að vigta í vikunni. Heiða og Kristjana munu einnig verða í salnum. Nemendur munu líka minna kennara sína á að skrá inn á vefsíðuna eftir hvern dag.

Farið var yfir tilganginn með því að vigta.

Fleira ekki fært til bókunar

Elín E. Magnúsd.

Umhverfisnefndarfundur 29. febrúar 2016

Mættir:

Nemendur: Ingólfur Þór 10. IKG, Álfheiður Björk 8. SH, Jóel 8. SV, Viktor Helgi 6. JIE, Viktoría 6. TLV, Darri 5. ÍDH, Lydía 4. bekk, Elena 3. ÞOJ, Elsa Dís 3. HG og Lárus Sólon 2. HF.

Starfsmenn: Heiða, Kristjana og Elín.

Umsókn um nýjan grænfána til umræðu. Farið yfir hvernig gengið hefur að fylgja eftir þeim þemum sem eru í gangi.

Margt verið gert varðandi áttthaga og eftirtalið var nefnt: gönguferðir, að þekkja örnefni í umhverfinu, gróðursetning, Kvenfélagsgarðurinn, hreinsun í næsta nágrenni o.fl.

Úrgangsmál: mikið verið rætt um flokkun og matarsóun og aðgerðir í þeim málum.

Næstu þemu: farið var yfir þau þemu sem boðið er upp á í grænfánaverkefninu. Niðurstaðan varð sú að taka neyslu sem næsta þema og vinna út frá því. Þar sem matarsóun hefur verið mikið í umræðunni hjá okkur þá er tilvalið að neysla almennt sé næsta þema.

Farið var yfir gátlistana **landslag og áttthagar**. Þeir skoðaðir og rætt um að þessir listar fari inn í ákveðna bekk. Einnig munu fara gátlistar um **neyslu og úrgang**.

Elín hefur haft samband við Landverd til að spyrjast fyrir um úttektartíma. Ekki komið svar.

Fleira ekki fært til bókunar

Elín E. Magnúsd

Fylgiskjal 2 – bréf til bæjarfulltrúa vorið 2015

18. júní 2015

Efni: Aðgerðir gegn matarsóun

Til Margrétar Kristínar Helgadóttur, bæjarfulltrúa

Á skólaárinu 2014-2015 leitaðist Glerárskóli við að vekja athygli starfsmanna, nemenda og forráðamanna á matarsóun. Það var m.a. gert með því að vigta þær matarleyfar sem fóru af diskum í lífræna flokkun. Í nóvember voru matarleyfar af diskum vigtaðar og kom þá í ljós að í Glerárskóla færu að meðaltali 11 kg á viku í lífrænu flokkunina. Í kjölfar þessa var ákveðið að vekja enn frekari athygli á matarsóun.

Efirfarandi tilkynning fór frá umhverfisnefnd skólans í febrúar:

Matarafgangar: Prufa á nýja fyrirkomulagi í mötuneyti – eða tímabundnu fyrirkomulagi

Um 30% af mat í heiminum er sóað og Íslendingar eiga sinn þátt í þeirri sóun sem fram fer. Þessi gífurlega matarsóun er málefni sem skiptir miklu máli á lands- og heimsvísu og varðar umhverfismál, efnahagsmál og samfélagslega ábyrgð.

Í Glerárskóla viljum við sýna ábyrgð og leggja okkar af mörkum til að efla ábyrgð á umhverfinu og m.a. stemma stigu við matarsóuninni. Í nóvember mældum við heildarumfang þess úrgangs sem fór af diskunum okkar í mötuneytinu sem reyndist vera 11 kg á dag. Nú er hugmyndin er að fylgjast enn frekar með þeim úrgangi og mæla þyngd úrgangs frá hverjum árgangi. Þess vegna verða fötur merktar hverjum árgangi í mötuneytinu sem nemendum er ætlað að henda í eftir máltíðir.

Við viljum biðja umsjónarkennara að kynna þetta fyrirkomulag í sínum bekkjum og að það sé kappsmál að úrgangurinn sé sem minnstur. Í lok hverrar viku verður settur upp listi yfir þyngd úrgangs frá hverjum bekk (reiknað hlutfallslega miðað við fjölda nemenda).

Bendum ykkur á að skoða upplýsingar um matarsóun í heiminum á natturan.is: <http://natturan.is/d/2015/02/04/mynd-af-matarsoun/>

[Jafnframt fór eftirfarandi tilkynning í fréttabréf til foreldra í febrúar:](#)

Umhverfisnefnd skólans mun á næstunni standa fyrir fræðslu inni í öllum árgöngum um mikilvægi þess að fara vel með allt efni og sýna myndband sem lýsir hve illa getur farið séum við ekki pössunarsöm í úrgangsmálum. Við erum farin að sjá talsverðan árangur á minnkandi úrgangi frá skólanum eftir að þau tilmæli voru gefin út að nemendur nýti sem mest fjölnota umbúðir undir nestið sitt og taki umbúðir með sér heim sem og afganga af nesti. Einnig er orðið minna um að nemendur séu með drykki í einnota fernum. Vatnsdrykkja er orðin mun meiri og flestir nemendur eru með sínar flöskur undir vatn. Tilgangur skólans er ekki eingöngu að minnka úrgang frá skólanum heldur að **efla ábyrgð hvers og eins á eigin umbúðum og minnka sóun á mat.**

Í febrúar stóð umhverfisnefnd skólans fyrir fræðslu inni í öllum bekkjum þar sem fulltrúar úr umhverfisnefnd ræddu um næstu skref í umhverfismálum. Þar settu bekkirnir niður sín næstu skref. Hér er dæmi frá 8. bekk þar sem nemendur settu sér eftirfarandi markmið:

Næstu skref 8. bekkjar í umhverfismálum

- *Fara heim með sínar umbúðir af nesti*
- *Nota nestisbox*
- *Skola það sem fer í flokkunardalla*
- ***Henda ekki mat, fá hæfilega skammta á diskinn.***

Setjum allt lífrænt í okkar eigin nestisbox eða í lífrænu flokkunina á milligangi eða í mötuneyti.

Eitt box verður í stofu A7 undir notaðar pappírspurrkur.

Umsjónarmaður sér um að losa alla flokkunardalla.

Í mars voru matarafgangar vigtaðir og hver árgangur hafði sína fötu undir afganga. Eftir hverja viku voru settar upp magntölur yfir matarafganga hvers árgangs og hlutfall þess magns sem hver nemandi innan árgangs henti af mat. Nemendum var bent á hvaða árgangur henti hlutfallslega minnst af mat og einnig hvaða árgangur sýndi mestar framfarir. Að sjálfsögðu var magn afganga mismikið eftir því hvað var í matinn en athygli nemenda var sannarlega vakin á málefnum.

Rætt var um frekari aðgerðir til að stemma stigu við matarsóun m.a. hvernig maturinn er afgreiddur úr mötuneytinu og gera merkingar til að minna fólk á að fá passlegt á diskinn. Við höfum einnig lagt áherslu á að nemendur hendi ekki nesti í skólanum né heldur afgangum af

ávöxtum sem þeir fá í áskrift. Forráðamenn geta þannig fylgst með því hvort börnin borða það nesti sem þau koma með í skólann. Einnig hefur sú umræða verið í skólanum að allar umbúðir af nesti skili sér aftur til heimilisins með það sjónarmið að leiðarljósi að ábyrgðin sé þess sem kaupir vöruna.

Í Glerárskóla leitumst við fyrst og fremst við að efla ábyrgð allra á umhverfismálum. Við höfum ekki valið þá leið að umbuna þeim sem gera „best“ heldur að hvetja með því að láta vita af því sem vel er gert.

Með bestu kveðju

Elín E. Magnúsdóttir

deildarstjóri Glerárskóla

Fylgiskjal 3 – Verkefni í verkfærakistu

Verkefni í kortalæsi

3. bekkur vor

Markmið

- Að nemendur þjálfist í að lesa af kortum
- Að nemendur þjálfist í að yfirfæra kortaupplýsingar yfir í raunverulegt umhverfi
- Að nemendur þekki betur nærumhverfi sitt og geti gert grein fyrir því sem er í því
- Að nemendur þjálfist í að vinna með sérnöfn og samnöfn
- Að samþætta samfélagsfræði, grenndarkennslu, stærðfræði og íslensku

Aukagögn

- Könnun kortin 1
- Sproti 3b bls 118-124 Hvar í rúðunetinu
- Kortabók handa grunnskólum
- Komdu og skoðaðu landakort

Verkefni tekur u.þ.b eina kennsluviku ef kennt er ört.

1. 1.kennslustund Farið er sameiginlega í rafbókina *Komdu og skoðaðu landakort* á töflu, umræður og vangaveltur um texta á bls. 2-13. Rætt um loftmyndir.
2. ½ kennslustund Loftmynd skoðuð af skólalóðinni t.d. af ja.is eða af google.earth.
3. Unnið meðfram þessari vinnu í bókinni *Könnun kortin 1*.
4. 1-2 kennslustundir Kaflinn *Hvar í rúðunetinu í Sprotu 3b* lagður inn og unnin.
5. 1-2 kennslustundir Kennari hefur sýnikennslu á Íslandskorti á töflu um hvar hinir og þessir staðir, sem nemendur nefna, eru. Nemendur fá í hendurnar *Kortabók handa grunnskólum* og skoða þar í þörum Íslandskort. Þar eiga þeir að finna sömu staði og kennarinn fann á landakortinu á töflunni. Hugað að sérnöfnum og samnöfnum á kortinu.
6. ½kennslustund Aftur er sett upp loftmynd af skólalóðinni af sömu vefslóð og í hluta 2. Nemendur undirbúnir undir að fara út með loftmynd

og merkja inn á hana það sem er á skólalóðinni, s.s. tré, leiktæki, gangstéttir, fótboltavelli, bílastæði og fleira.

7. 2 kennslustundir Útitími - Nemendur fá í hendurnar A3 blað með loftmynd af skólabyggingunni og lóðinni í kring. Hægt er að prenta út af ja.is eða teikna upp (eins og var gert í þessu tilfalli) eftir ja.is og ljósritað. Nemendur vinna einir eða í pörum við að teikna upp skólalóðina, með því að ganga um hana og skoða. Ekki er verra ef þeir geta staðið upp á einhverju s.s. leikgrind eða einhverju svo þeir fái betri yfirsýn fyrir loftmynd. Gott er að vera með harðspjalda möppu undir svo einfaldara sé að vinna með pappírinn.
8. 1-2 kennslustundir Þegar inn er komið skoða nemendur kortin sín og bera saman. Gleymdist eitthvað? Merkt er inn á staðhætti s.s. sundlaug, íþróttahús og örnefni ef einhver eru. Hugað að sérnöfnum og samnöfnum.

